



## **Fundur í aðalstjórn Aftureldingar, 14. ágúst 2023.**

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18:00

### **Mættir stjórnarmenn:**

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Hrafn Ingvarsson (HI), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Inga Hallsteinsdóttir (IH), Hildur Pála Gunnarsdóttir (HPG), Reynir Ingi Árnason (RIÁ)

### **Mættir starfsmenn:**

Grétar Eggertsson (GE) framkvæmdastjóri, Árni Bragi Eyjólfsson (ÁBE) íþróttafulltrúi.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fjármál**

Fjármál deilda til umræðu og áhyggur eru hjá Aðalstjórn um stöðu nokkurra ráða. Deildafundir verða með öllum deildum í haust og áhersla lögð á áætlanagerð og skila á henni. Fundað verður með þeim deildum sérstaklega á næstu dögum sem áhyggjur beinast að. Umræða var um mikilvægi þess að styðja við deildir félagsins og þá leggja áherslu á að sækja stöðu rekstrarstjóra fyrir félagið sem komi öllum deildum til góða.

#### **2. Styrktarþjálfun – staða þar og framkvæmd**

Byrjað er að setja saman búnaðinn sem hefur verið keyptur og verið að vinna í því að koma aðstöðunni í stand. Það liggur ekki ennþá fyrir samningur við Mosfellsbæ varðandi ábyrgð og nýtingu á salnum. Framkvæmdastjóri mun kalla eftir fyrstu drögum að slíkum samningi. Varðandi styrktaraðstöðu í neðri sal að þá á enn eftir að tæma og síðan þarf að fara í að hreinsa út úr salnum og mála hann. Aðaláhersla verður á að klára frágang í efri sal og stjórn var sammála um það að hvetja meistaraflokka félagsins til að koma til aðstoðar við uppsetningu.

#### **3. Starfsdagur þjálfara**

Talað um að hafa starfsdaginn í lok september. Íþróttafulltrúi mun fara yfir dagsetningar með deildunum og staðfesta tíma. Dagskrá dagsins er í vinnslu.

#### **4. Íþróttaskóli barnanna**

Afturelding tekur við íþróttaskóla barnanna en því hlutverki hefur Svava Ýr gengt frá upphafi. Henni eru færðar miklar þakkir fyrir frábært starf. Stjórn Aftureldingar er sammála um að stefna að óbreyttu rekstrarformi þ.e. að finna aðila sem tekur að sér rekstur skólans án aðkomu skrifstofu og stjórnar. Íþróttafulltrúi fundar með Svövu í vikunni til að fá nánari upplýsingar um verkefnið. Í framhaldi af því að þá verður farið í að auglýsa/finna nýjan aðila til að taka við verkefninu.

#### **5. Rekstrarstjóri BUR**

Fyrir liggur kynning á starfi hjá BUR og áætlun um fjármögnun þess starfs. Gjaldkeri stjórnar mun vera í sambandi við gjaldkera BUR til að fara yfir þetta verkefni.



## 6. Fundir aðalstjórnar og deilda

Fundir með deildum félagsins og aðalstjórnar verða haldnir í september og október. Framkvæmdastjóri fer í að setja niður fundardagskrá.

## 7. Önnur mál

- a. Afslættir í Sportabler
  - i. Framkvæmdastjóri hefur kallað eftir upplýsingum frá Sportabler hvernig afslættir hafa verið á milli deilda frá 1. september 2022. Verið er að fara yfir þau gögn og verður það kynnt fyrir stjórn þegar því er lokið.
- b. Heimsókn frá KSÍ
  - i. Framkvæmdastjóri fór yfir heimsókn frá KSÍ þar sem þeir eru að heimsækja þau félög sem hafa möguleika til að fara í efstu deild karla á næsta keppnistímabili. Farið var yfir aðstöðumál og fær framkvæmdastjóri og knattspyrnudeildin minnisblað frá KSÍ í framhaldinu.
- c. Í tóninu heima
  - i. Umsókn um Pallaball nánast afgreidd og eina sem stendur út af er lokateikning af viðburði.

**Fundi slitlið kl. 20:40**

Grétar Eggertsson ritaði fundargerð.